

78

Samtökin '78
Félag hinsegin fólks á Íslandi



Samtökin '78


- Stofnuð árið 1978
 - Guðni Baldursson fyrsti formaðurinn
- Frá upphafi barist fyrir réttindum hinsegin fólks
- Samfélag sem enginn vildi sjá en skapaði sinn eigin vettvang - verndaði hvert annað
- Fyrsta fræðslan upp úr 1980 – mjög umdeild
- **Forsvarsfólk baráttunnar eru skjólstæðingar**
öldrunarþjónustu nú þegar



Fyrsta félagsheimili
honna og lesbía á Íslandi
Lindargata 49 í Reykjavík

Eldra hinsegin fólk

- Mjög fjölbreyttur hópur fólks, með ólíkar þarfir.
- Á oft erfitt með að treysta í heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu, vegna fyrri reynslu af sjúkdómavæðingu og fordómum.
- Veigrar sér oft við því að sækja þá aðstoð sem þau þurfa á að halda vegna fyrri upplifana af hómófóbíu og/eða transfóbíu í heilbrigðis- eða öldrunarþjónustu.
- Finnst heilbrigðis- og félagsþjónusta oft mörkuð af því að gert sé ráð fyrir að allir séu gagnkynhneigðir og síðis. Þetta gerir þau ósýnileg og veldur því að þau upplifa mismunun.



[Bromseth, J., & Siverskog, A. \(2023\). 'He went back into the closet' Older LGBTI people's interactions with health and social care in the Nordic countries.](#)

Eldra hinsegin fólk & heilbrigðisþjónusta

- Kynvitund og kynhneigð utan normsins auka ennþá töluvert líkur á slæmri heilsu
- Hinsegin fólk óttast að verr verði komið fram við þau vegna hinseginleika, bæði af hálfu starfsfólks og annars heimilisfólks
- Oft erfiðar minningar af mismunun og missi í kringum HIV-faraldur 9. áratugarins
- HIV-smitað fólk, trans og intersex fólk óttast að lyfjagjöf verði ábótavant
- Þekkingu starfsfólks oft ábótavant



“Sársaukinn sem myndar kjarnann í minningum samkynhneigðs fólks á efri árum, snýst um ósýnileikann fyrr á árum, þögn og þöggun, að ekki var talað um tilfinningar þess og einkalíf. Það sem ekki er talað um er ekki til. Þú og þitt tilfinningalíf eru með öðrum orðum ekki til.

Einmitt þarna, í þögguninni, risti lítilsvirðingin dýpst, ekki í auðsýndum fjandskap, heldur í þögninni.

Því bítur það illa þegar það sama fólk þarf sökum elli að þiggja aðstoð, hjúkrun og hjálp við daglegar þafir, að mæta þöggun og þögn á nýjan leik. Hún er þó sumpart af öðrum rótum, trúlega ætluð til að sýna nærgætni en bítur illa því að hún er samt sannkallað bergmál hins liðna.”

Þorvaldur Kristinsson



Lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar, nr. 85/2018:

8. gr. Bann við hvers kyns mismunun vegna
[kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar,
fötlunar, aldurs, **kynhneigðar** , **kynvitundar** ,
kyneinkenna eða **kyntjáningar**] í tengslum við
heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu er óheimil.





Samtökin '78
The National Queer Organization
of Iceland

552 7878 // skrifstofa@samtokin78.is // samtokin78.is